

## Umsögn ISNIC um frumvarp til laga um íslensk landshöfuðlén - 612. mál á 150. löggjafarþingi

ISNIC ítrekar þá afstöðu sem kom fram í umsögn um áform um frumvarpið á samráðsgátt Stjórnarráðsins, sbr. mál nr. 156/2019 í samráðsgátt, að ekki hafi verið sýnt fram á þörf fyrir setningu sérstakrar löggjafar um landshöfuðlénið .is, ekki síst í ljósi þess að þegar hafa tekið gildi lög um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða, nr. 78/2019, sem samþykkt voru á Alþingi 11. júní 2019.

Verði ákveðið að samþykkja frumvarpið sem lög frá Alþingi er nauðsynlegt að gera á því breytingar, m.a. til að lagfæra tæknileg atriði. ISNIC bendir einkum á eftirfarandi:

### Um 8.gr.

Skv. h-lið 2. mgr. 8. gr. skal skráningarstofa „hafa eftirlit með að virkir nafnþjónar séu aðgengilegir fyrir lén sem skráð eru undir íslensku landshöfuðléni“. Tæknilegt ákvæði sem þetta á ekki heima í lögunum af þessum ástæðum: Í fyrsta lagi er um valkvæða tæknilega þjónustu að ræða hjá skráningarstofum. Í öðru lagi getur þetta aðeins átt við um lén sem eru uppsett á nafnþjónum, en stór hluti léna eru í einn eða annan tíma á svokölluðu biðsvæði (parking), bæði hjá ISNIC og annars staðar. Í þriðja lagi er þetta þjónusta (eftirlit) sem enginn nema ISNIC (að því er við best vitum) stundar núorðið. Þar með er ekki sagt að ISNIC ætli að hætta að kanna uppsetningu nafnþjóna sem hýsa .is lén. ISNIC trúir því að þetta sé ennþá mikilvægur partur af þeim gæðakröfum settar eru hýsingaraðilum sem hýsa .is lén. Það þýðir hins vegar ekki að nauðsynlegt eða skynsamlegt sé að binda eftirlitið í lög. Í fjórða lagi er orðalagið svo almennt að ómögulegt er að vita nákvæmlega í hverju skyldan felst. Í fimmta lagi bendir ISNIC góðfúslega á að skráðir nafnþjónar hjá ISNIC skipta tugum eða hundruðum þúsunda, enda er krafa er gerð um minnst tvo nafnþjóna og mest fjóra fyrir hvert lén, sem nú telja rúmlega 70 þúsund. Í lokin má benda á að d-liður 12. gr. frumvarpsins nær fyllilega utan um þetta þetta atriði. ISNIC leggur því til að h-liður 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins falli brott.

4. mgr. 8. gr. hljóðar svo: „Óheimilt er að birta persónugreinanlegar upplýsingar, aðrar en netfang, í rétthafaskrá.“ Textinn er of afdráttarlaus og myndi óbreyttur setja svokallaða Whois-þjónustu ISNIC í uppnám. Fjölmargir einstaklingar og einyrkjar, sem eru rétthafar og tengiliðir léna, kjósa beinlínis að birta nafn sitt, heimili og símanúmer í opinni rétthafaskrá ISNIC. Þetta gera þeir einkum af

eftirfarandi ástæðum: Í fyrsta lagi til að auðvelda rétthafa og tæknimanni að ná hvor í annan, t.d. í tifelli bilana hjá vef- og pósthýsingu lénsins. Í öðru lagi til að auka trúverðugleika sinn í viðskiptum á netinu (t.d. söluvefsíður, iðnaðarmenn, listamenn o.fl.). Í þriðja lagi til að verða við kröfu banka- og kortafyrirtækja, innlendra sem erlendra, sem að öðrum kosti myndu ekki heimila þeim aðgang að vefposum og öðrum peningamillifærslukerfum.

Hér þarf einnig að skoða samspilið við peningaþvættislöggjöfina, sbr. lög nr. 140/2018, sérstaklega III. kafla um áreiðanleikakönnun og IV. kafla um upplýsingar frá þriðja aðila.

Í ákvæðinu eru netföng undanskilin sérstaklega en ISNIC bendir á að slíkt hefur ekki þýðingu lengur þar sem ISNIC hætti að birta netföng einstaklinga í kjölfar gildistöku hertra reglna um persónuvernd (GDPR).

Samkvæmt reglum ISNIC og gildandi framkvæmd ákveða rétthafar og tengiliðir sjálfir hvort og hvaða upplýsingar um þá eru birtar í rétthafaskrá, þ.m.t. netfangið. Nauðsynlegt er að fella 4. mgr. 8. gr. frumvarpsins brott eða breyta henni til samræmis við framangreint. ISNIC telur að lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, girði nú þegar fyrir að persónugreinanlegar upplýsingar birtist í rétthafaskrá án samþykkis viðkomandi og því óhætt að fella 4. mgr. 8. gr. brott.

#### **Um 10. gr.**

3. mgr. 10. gr. frumvarpsins hljóðar svo: „Skráningarstofu er heimilt að læsa léni undir íslensku landshöfuðléni ef mál um lénið er til meðferðar fyrir dómi eða hjá öðrum stjórnvöldum. Beiðni um læsingu léns skal koma frá aðila máls. Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um læsingu léna.“

Nauðsynlegt er að breyta textanum til samræmis við 27. gr. reglna ISNIC um lénaskráningar. ISNIC verður að geta læst lénum ef deila er til meðferðar vegna innlands eða erlends skráningaraðila (e. Registrar), sem viðurkenndur er af ICANN (e. Accredited Registrar), innlendum og erlendum þar til bærum sérhæfðum gerðadómum (t.d. Wipo), dómstólum, Neytendastofu, úrskurðarnefnd ISNIC og jafnvel aðilum sem kunna að verða taldir þar til bærir í framtíðinni.

Einnig þarf að hafa hugfast að mögulegt verður að vera að læsa léni að beiðni rétthafans sjálfs til verndar léninu og hans hagsmunum, án þess að deilt sé um lénið. Þetta getur einkum átt við um sérlega mikilvæg lén.

Nýlega læsti ISNIC tveimur lénunum í eigu erlends aðila. Um var að ræða tvö vörumerkjámál. Í öðru tilfallinu barst beiðni um læsingu frá þýskri lögmansstofu, en í hinu að beiðni íslenskrar lögmansstofu. Allir þrír aðilar máls voru erlendir aðilar, en báðir kærendur kusu að reka málið fyrir Úrskurðarnefnd ISNIC. Sjá mál nr. 1 og 2 2019:  
<https://isnic.is/is/domain/dispute>

Mikilvægt er að athuga að rétthafalæsing léns verður að geta átt sér stað án vitundar rétthafans, sem fréttir fyrst af henni eftir á. Læsingin kemur í veg fyrir að lén sé selt til þriðja aðila, áður en formleg deila hefst, sem annars myndi eyðileggja málatilbúnaðinn. Því má alls ekki gera það að skilyrði að deila sé þegar komin til dómstóla eða annarra stjórnvalda (og þar með orðin opinber) eins og skilja má af frumvarpstextanum. Sjá nánar VIII. kafla um læsingu léna á vef ISNIC:

<https://isnic.is/is/domain/rules#25>. Reglur ISNIC eru að stofni til um 25 ára gamlar. Þær eru m.a. Skrifaðar af Ragnari Aðalsteinssyni, Tryggva Þórhallssyni og Eiríki Tómassyni, núverandi hæstaréttardómara, og hafa reynst afar vel. Engin ástæða er til að setja lög sem eru efnislega í berhög við reglurnar.

**Tillaga um breytt orðalag 3. mgr. 10. gr.:** Skráningarstofu er heimilt að læsa léni undir íslensku landshöfuðléni ef ósk þar um er studd gögnum um framlagningu kæru fyrir íslenskum dómstólum, Neytendastofu, úrskurðarnefnd léna, eða öðrum aðila, sem á hverjum tíma telst bær til að úrskurða í viðkomandi máli.

#### **Um 12. gr.**

Í 12. gr. er fjallað um réttindi og skyldur rétthafa léns. Til bóta væri að kveða jafnframt á um tengiliði rétthafa og tengiliði léna enda getur lén haft fimm tengiliði, að rétthafa meðtöldum, sem hafa réttindi og skyldur í tengslum við lénaumsýslu. Samhliða væri hjálplegt að skilgreina tengilið léns og tengilið rétthafa í orðskýringum í 4. gr. frumvarpsins.

#### **Um ákvæði til bráðabirgða.**

Lagt er til að eftirfarandi bráðabirgðaákvæði verði í lögnum:  
„Ríkissjóður á forkaupsrétt að öllum hlutum í félaginu Internet á Íslandi hf., ISNIC, kt. 660595-2449.“

ISNIC mótmælir ákvæðinu harðlega og ákilur sér allann rétt í því sambandi. Með ákvæðinu er vegið að ráðstöfunarrétti hluthafa félagsins. ISNIC bendir á að ráðstöfunarréttur er hluti eignarréttar og nýtur sem slíkur verndar 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár. Verulegum vafa er undirorpið hvort ákvæðið standist stjórnarskrá. Ástæða er til að gjalda varhug við því að setja slíkt ákvæði í lög og hvetur ISNIC til að ákvæðið verði felld brott úr frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar,  
Jens Pétur Jensen, framkvæmdastjóri  
Internet á Íslandi hf. ISNIC,  
Katrínartúni 2, 18. hæð,  
105 Reykjavík.

Umsögn um frumvarp til laga um íslensk landshöfuðlén, Þingskjal 1031 — 612. mál.

Hér er eingöngu fjallað um bráðabirgðaákvæði frumvarpsins, en þar segir:

**Ákvæði til bráðabirgða. I. Ríkissjóður á forkaupsrétt að öllum hlutum í félaginu Internet á Íslandi hf., ISNIC, kt. 660595-2449.**

Forkaupsréttur er ein tegund eignarréttinda (þ.e. eign forkaupsréttarhafa). Samkvæmt lögum um hlutafélög eru ákvæði um forkaupsrétt samningsbundin milli hluthafa, en samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu eru jafnræðistengsl hluthafa rofin og einum aðila færð þessi réttindi án endurgjalds. Þannig hyggst Alþingi sem er einn hluthafa Internet á Íslandi lögfesta rétt ríkissjóðs til forkaups á hlutabréfum félagsins á kostnað annarra hluthafa.

Í frumvarpinu kemur fram að markmið lagaákvæðisins sé „fyrst og fremst til að tryggja að félagið verði ekki selt út úr íslenskri lögsögu“. Þrátt fyrir það er það sérstaklega tekið fram að „þó er gert ráð fyrir að ríkissjóður geti beitt forkaupsrétti í þeim tilvikum að innlent félag kaupir hlut“. Með vísan til þessa tilgangs, og þá einnig með hliðsjón af kröfunni um almannahagsmunum, er ekki að sjá að brýnir hagsmunir krefjist þess að forkaupsrétturinn taki einnig til þess þegar innlend félög eiga í viðskiptum með hluti. Tilgangur og leiðir að markmiðinu falla því ekki saman.

Með bráðabirgðaákvæðinu er verið að setja hömlur á meðferð hluta í félaginu og rjúfa samningafrelsið. Þessi aðgerð er til þess fallin að rýra verðmæti hluta í félaginu. Með forkaupsréttarákvæðinu eru settar skorður á meðferð hluta í félaginu og þar með er samningsfrelsi og ráðstöfunarréttur eigna takmarkaður, en hvorutveggja nýtur verndar í stjórnarskrá.

Árið 2000 seldu Háskóli Íslands og aðrar ríkis- og rannsóknarstofnanir hluti sína í Interneti á Íslandi hf. til Íslandssíma. Íslandspóstur eignaðist síðar um fjórðungshlut í Isnic árið 2007. Næst stærsti hluthafi félagsins, Íslandspóstur hf. (með 18,65% hlut) kom inn fyrir tilstilli Modernus ehf., þegar það félag keypti 92% hlut Teymis hf. 2007. Modernus rann svo ári síðar saman við Internet á Íslandi hf. eins og lög gera ráð fyrir þegar um sameiningu móðurfélags inn í dótturfélag er að ræða. Samtals eiga opinberu aðilarnir, Íslandspóstur ohf., Jarðvísindastofnun HÍ og Alþingi nú tæplega fjórðung hlutafjár. Um sögu Internets á Íslandi og undanfara þess má lesa í svari á vísindavefnum

<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=6358#> og ennfremur

<https://www.sky.is/index.php/t3st/item/2203-throun-nettenginga-vidh-island>

Fyrir þá sem stunda viðskipti á Íslandi er ríkið að feta sig út á hálar brautir með lögfestingu þessa ákvæðis. Það eru fjölmörg einkafyrirtæki sem verða að koma að “eðlilegri virkni Internetsins á Íslandi.” og auðvelt að vísa til öryggis- og almannahagsmuna. Má þar t.d. nefna Mílu dótturfyrirtæki Símans hvers hlutafé var áður í eigu ríkisins, en er nú í eigu almennra fjárfesta. Spyrja má hvort ríkið hyggist einnig setja inn forkaupsréttarákvæði hjá öðrum félögum sem sinna grunnþjónustu á sviði fjarskipta?

Ekki verður séð að vilji sé til þess að ríkið eignist stærri hlut í félaginu Internet á Íslandi, en ríkið á nú þegar umtalsverða hluti í félaginu í gegnum Íslandspóst og Alþingi. Síðustu eigendaskiptum, voru að því er best er vitað, þegar hlutir í félaginu sem áður voru í umsjón ríkisins vegna uppgjörsmála tengdum bankahruninu voru færðir til einkaaðila. Því lítur út fyrir að alla stefnumörkun af hálfu ríkisins vanti hvað varðar bráðabirgðaákvæðið.

Því er eindregið hvatt til þess að bráðabirgðaákvæðið verði fellt út úr frumvarpinu.

Sé hins vegar vilji til þess að halda því til streitu þarf að skýra bráðabirgðaákvæðið mun betur.

Engin tímamörk er á notkun ríkissjóðs á forkaupsrétti. Í lögum um hlutafélög nr. 2/1995 kemur fram að hluthafar geti sett í samþykktir reglur um forkaupsrétt. Það er ekki skýrt að bráðabirgðaákvæði frumvarpsins sem kveður á um forkaupsrétt ríkissjóðs skuli meðhöndlað á sama hátt og greinir í 22. gr. hlutafélagalaganna: t.d. eftirfarandi atriði “Í samþykktum má ákveða að við eigendaskipti að hlut önnur en við erfðir eða búskipti skuli hluthafar eða aðrir hafa forkaupsrétt.” Ennfremur við hvaða tímamörk skuli miða við um meðferð forkaupsréttar.

Samþykki Alþingi bráðabirgðaákvæðið óbreytt, mun koma upp fullkomin óvissa hvernig með eigendaskipti eigi að fara í félaginu Internet á Íslandi, sem ekki verði leyst úr nema með atbeina dómstóla.

Grundarfirði, 4. maí 2020

Magnús Soffaníasson hluthafi og Sigríður Finsen

Alþingi  
Umbverfis- og samgöngunefnd  
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. apríl 2020  
Tilvísun: 2020031142/BFR

### **Efni: Umsögn Persónuverndar um frumvarp til laga um íslensk landshöfuðlén**

Persónuvernd vísar til beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 10. mars sl. um umsögn um frumvarp til laga íslensk landshöfuðlén (þskj. 1031, 612. mál á 150. löggjafarþingi).

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði lagaumgjörð um rekstur landshöfuðléna sem Íslandi hefur verið úthlutað til notkunar á netinu, svo og um höfuðlénið .eu eftir því sem við á, ásamt nafnaþjónustu fyrir höfuðlén og skráningu léna undir þeim, sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Persónuvernd gerir eftirfarandi athugasemdir við efni frumvarpsins.

#### 1.

Í 5. gr. frumvarpsins segir að vinnsla persónuupplýsinga, t.d. tengiupplýsinga og kennitalna, sem hinn skráði leggi í té, skráningarstofa, skráningaraðilar eða aðrir þeir sem starfi í umboði skráningarstofu, afli sjálfir eða berist frá þriðja aðila, sé heimil í þeim tilgangi að sinna skyldum samkvæmt frumvarpinu að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Í athugasemdum við ákvæðið segir meðal annars að það geymi heimild til vinnslu persónuupplýsinga og að hún takmarkist við upplýsingar sem flokkast sem tengiupplýsingar. Um sé að ræða upplýsingar á borð við nafn, heimilisfang, kennitölu o.s.frv.

Í a-lið 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að skráningarstofa skuli halda rétthafaskrá og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna nafnaþjónustu. Hugtakið rétthafaskrá er skilgreint í 12. tölul. 4. gr. þess sem miðlæg skrá þar sem fram koma upplýsingar um rétthafa léna, tengilið þeirra og nafnaþjóna. Þá segir í 3. mgr. 8. gr. að í rétthafaskrá sé heimilt að skrá nauðsynlegar upplýsingar í þeim tilgangi að sannreyna réttmæti skráningar (a-liður), að innheimta þóknun fyrir þjónustuna (b-liður) og svo hægt sé að senda innskráningarkóða í símanúmer (c-liður). Loks segir í 4. mgr. ákvæðisins að óheimilt sé að birta persónugreinanlegar upplýsingar, aðrar en netfang, í rétthafaskrá.

Persónuvernd áréttar að við vinnslu persónuupplýsinga skal þess meðal annars gætt að persónuupplýsingar séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslu, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Vinnsla persónuupplýsinga, sem fram fer á grundvelli 5. gr. og a-lið 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins, takmarkast því ávallt af tilvitnuðu ákvæði laga nr. 90/2018. Í því felst meðal annars að óheimilt er að vinna með umfangsmeiri persónuupplýsingar heldur en nauðsynlegt er miðað við þann tilgang sem tilgreindur er í 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins.



2.

Persónuvernd veður athygli á að í athugasemdum við 11. tölul. 4. gr. í greinargerð frumvarpsins segir að almennt sé talað um að skráningarstofur bjóði upp á þykka eða þunna rétthafaskrá. Þykk rétthafaskrá innihaldi allar upplýsingar um lénið en þunn aðeins hluta nauðsynlegra upplýsinga, svo sem nafn skráningaraðila en ekki rétthafaupplýsingar. Þær upplýsingar liggja þá hjá skráningaraðila en ekki skráningarstofu. Í frumvarpsinu sé með rétthafaskrá átt við þykka rétthafaskrá.

Á hinn bóginn er í 3. kafla greinargerðarinnar bent á að ný persónuverndarlöggjöf í Evrópu hafi leitt til þess að skráningarstofur í Evrópusambandinu hafi hætt að reka þykkar rétthafaskrár og reki þess í stað aðeins þunnar rétthafaskrár.

Að mati Persónuverndar gætir misræmis í greinargerðinni að þessu leyti enda var almenna persónuverndarreglugerðin (reglugerð (ESB) 2016/679) innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 90/2018, sbr. 2. gr. þeirra laga. Í því sambandi bendir Persónuvernd jafnframt sérstaklega á að ekki er getið um skyldu skráningarstofu til að halda þykka rétthafaskrá í ákvæðum frumvarpsins.

Að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga í rétthafaskrá ítrekar Persónuvernd þau sjónarmið sem rakin voru í 1. kafla, þ.e. að við vinnslu persónuupplýsinga ber að gæta þess að persónuupplýsingar séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslu, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018.

-----

Tekið skal fram að umsögn þessi tekur aðeins til persónuupplýsinga, sbr. 2. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2018, og vinnslu þeirra, sbr. 4. tölul. sömu greinar, en ekki annarra upplýsinga, svo sem um lögaðila.

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við frumvarpið.

F.h. Persónuverndar,

Páll Heiðar Halldórsson

Bjarni Freyr Rúnarsson



# PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

SUÐURLANDSBRAUT 4  
108 REYKJAVÍK

SÍMI 510 1500 PÓSTUR PFS@PFS.IS  
FAX 510 1509 VEFUR WWW.PFS.IS



Alþingi - Nefndasvið  
Samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. mars 2020

Málsnúmer: 2020030038

Málalykill: 15.3.4

## **Málefni: Umsögn Póst- og fjarskiptastofnunar um frumvarp til laga um íslensk landshöfuðlén, þskj.1031 – 612. mál.**

Póst- og fjarskiptastofnun vísar til tölvupósts nefndasviðs Alþingis, dags. 10. mars 2020, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um frumvarp til laga um íslensk landshöfuðlén, sbr. þskj. 1031 – 612. mál. til umsagnar. Þakkar stofnunin fyrir að fá tækifæri til að koma á framfæri umsögn sinni um frumvarpið.

PFS fagnar framkomnu frumvarpi enda mat stofnunarinnar að lengi hafi verið þörf á því að sett verði lög um skráningu íslenskra landsléna. Miklu skiptir hvernig staðið er að skráningu landsléna, hvernig unnið er með slíkar upplýsingar og þær verndaðar. Hins vegar er ljóst að um lágmarksnálgun er að ræða og festir frumvarpið í raun sessi núverandi fyrirkomulag.

PFS hefur komið að gerð frumvarpsins á fyrri stigum og komið fram athugasemdum stofnunarinnar til samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytisins eins og við á. Með umsögn þessari vill PFS þó koma á framfæri tveimur atriðum sem stofnunin telur mikilvægt að tekin verði til skoðunar við meðferð málsins á Alþingi.

### **Eftirlit með framkvæmd laganna**

Í 13. gr. frumvarpsins er lagt til að PFS hafi eftirlit með því að starfsemi skráningarstofu uppfylli skilyrði laganna. Eftirlitið er þó einungis formlegs eðlis og einskorðast við að PFS kalli eftir upplýsingum hvort að skráningaraðili uppfylli þau formlegu skilyrði sem talin eru upp í 6. og 8. gr. frumvarpsins. Ekki er lagt til að PFS leggi efnislegt mat á þær upplýsingar sem berast frá skráningaraðila. Er tekið fram í skýringum við ákvæðið að fyrirséð er að umfang eftirlitsins verði í „algjöru lágmarki“. Þá er í almennum athugasemdum við frumvarpið tiltekið að ekki sé „gert ráð fyrir að fulltrúar stofnunarinnar fari á starfstöð skráningaraðila og geri úttektir, t.d. til að staðfesta efni upplýsinga sem skráningarstofa sendir til stofnunarinnar.“

Af framansögðu er ljóst að ekki er fyrirséð að PFS sinni hefðbundnu stjórnsýslueftirliti gagnvart skráningarstofu, eins og tíðkast á öðrum sviðum sem PFS starfar, heldur annars konar hlutverki. PFS telur að með því að tilgreina að stofnunin hafi „eftirlit með því að starfsemi skráningarstofu uppfylli skilyrði laganna“ sé gefin villandi mynd af því hlutverki sem PFS sé í raun ætlað. Þá er hætt við að misskilningur skapist um þetta í framkvæmd laganna og að almenningur og/eða stjórnvöld telji að eftirlit PFS með skráningarstofu sé efnismeira og ítarlegra en frumvarpið gerir ráð fyrir. Til að koma í veg fyrir allan misskilning og svo að tilgangur ákvæðisins sé eins og skýr og kostur er til leggur PFS til að 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins verði felld brott og þar

með tilvísun til almenns eftirlits PFS. Samkvæmt framangreindu myndi greinin því orðast með svofelldum hætti:

*„Póst- og fjarskiptastofnun skal a.m.k. einu sinni á tveggja ára fresti óska eftir upplýsingum frá skráðum skráningarstofum til að kanna hvort að þær uppfylli skilyrði 6. og 8. gr. Um skil á upplýsingum gildir skilafrestur sem tilgreindur er í 7. gr.“*

### **Markmiðsákvæði um hagsmuni þjóðarinnar**

Íslenska landslénid hefur órjúfanlega tengingu við land og þjóð. Því er mikilvægt að skráningar á landsléningu .is fari saman við þjóðarhagsmuni og verði ekki misnotað í ólögmætum tilgangi eða með þeim hætti að það skaði orðspor Íslands.

Samkvæmt frumvarpinu er skráningarstofu í vald sett að setja sér sínar eigin skráningarreglur. Telur PFS að þörf sé á almennum markmiðsákvæði til að tryggja það að skráningarreglur endurspegli þá þjóðarhagsmuni sem hér eru undir. Er því lagt til að í III. kafla frumvarpsins verði bætt við eftirfarandi ákvæði:

*„Nafn á léni sem tengist íslenska landshöfuðléninu þarf að samrýmast réttmætum og lögmætum hagsmunum réttihafa þess og skerða ekki lögvarin réttindi annarra. Nafn slíks léns má ekki tengjast refsiverðri starfsemi eða brjóta gegn gildandi lögum. Nafn á léni þarf ennfremur að vera í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands og ekki vera til þess fallið að skaða orðspor landsins að öðru leyti.“*

Á undanförunum árum hafa komið upp tilvik um skráningu léna sem telja má að gangi gegn ákveðnum þjóðarhagsmunum, t.d. skráning á léninu isis.is o.fl. Almenn markmiðsákvæði sem þetta myndi, að mati PFS, vera til þess fallandi að styrkja löggjöfina og vera skýr og nauðsynlegur leiðarvísir fyrir skráningarstofu og starfandi úrskurðarnefnd léna, sem skipuð er af stjórn ISNIC, til að hafna skráningu léna sem berlega ganga gegn þjóðarhagsmunum og ímynd Íslands.

Að lokum lýsir Póst- og fjarskiptastofnun sig að sjálfsögðu reiðubúna til að koma á fund nefndarinnar til að ræða atriði í umsögn þessari sé þess óskað af nefndinni.

Virðingarfyllst,

*Gabriella Unnur Kristjánsd.*  
Gabriella Unnur Kristjánsdóttir



Nefndasvið Alþingis  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 24. mars 2020

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um íslensk landshöfuðlén, 612. mál

Samtök atvinnulífsins (SA) og Samtök iðnaðarins (SI) (samtökin), vísa til tölvupósts umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 10. mars þar sem óskað var umsagnar samtakanna um ofangreint frumvarp.

Í frumvarpinu er byggt á því að hlutverk stjórnvalda í lýðræðisþjóðfélögum sé að stuðla að því að innviðir samfélagsins séu með þeim hætti að þjóðfélagið starfi sem best. Einnig er lagt til að markmið frumvarpsins verði að stuðla að öruggum, hagkvæmum og skilvirkum aðgangi að íslenskum landshöfuðlénnum og að tryggja tengsl þeirra við Ísland. Við markmiðssetningu frumvarpsins var einkum litið til öryggissjónarmiða sem eiga m.a. að stuðla að því að takmarka rekstrartruflanir. Samtökin taka undir þessi sjónarmið og ítreka mikilvægi þess að heildstæð umgjörð sé sett utan um landshöfuðlénin .is. Á hinn bóginn er mikilvægt að lögin stuðli í raun að því að takmarka rekstrarhindranir en valdi þeim ekki með of þyngjandi reglusetningu. Það er grundvallaratriði í nánast öllum fyrirtækjarekstri í dag að starfsemi sé vel sýnileg á internetinu.

Samtökin vilja því koma á framfæri nokkrum athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins sem miða að því að tryggja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

### 1. Réttindi og skyldur rétthafa

Í 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins segir að rétthafi léns sem skráð er undir íslensku landshöfuðléninu hafi einkaafnotarétt af hinu skráða léni meðan það uppfyllir reglur skráningarstofu og hefur ekki verið afskráð. Í 40. gr. reglna ISNIC um lénaskráningu er fjallað um úrskurðarnefnd ISNIC og að hún úrskurði m.a. á grundvelli þeirrar efnisreglu, að skráður rétthafi verði ekki talinn eiga rétt til ákvæðins léns ef nánar tilgreind atriði eigi við. Í fyrsta lagi ef lén er eins og skrásett vörumerki sem orðmerki hjá Hugverkastofu, sem skráð var áður en lénið var skráð, í öðru lagi ef sá sem lénið skráði hefur ekki lögmæta hagsmuni af notkun lénsins og í þriðja lagi ef sá sem lénið skráði var ekki í góðri trú um rétt sinn til lénsins þegar það var skráð. Að mati samtakanna þurfa lögin að innihalda ákvæði þar sem tekin verða af öll tvímæli um rétt þeirra sem eiga skráð vörumerki til sambærilegra léna og að öðrum aðilum sé óheimilt að skrá slík lén. Samtökin telja að löggjöfin þurfi að vera skýr um þetta atriði en annað verður ekki ráðið af 12. gr. frumvarpsdraganna en að þar sé eingöngu verið að skerpa á því atriði að skráning léns feli ekki í sér eignarétt á léninu heldur einkaafnotarétt. Það er sérstaklega mikilvægt að taka slík ákvæði upp í landsrétt ef til þess kemur að fleiri skráningarstofur taki til starfa en alls óvíst er hvort að þær setji sér sambærilegar starfsreglur og ISNIC.

### 2. Eftirlit

Í 13. gr. frumvarpsdraganna segir að Póst- og fjarskiptastofnun fari með eftirlit með framkvæmd laganna. Ekki er gert ráð fyrir umfangsmiklu eftirliti og eru samtökin hlynnt þeirri



skipan sem lögð er til með ákvæðinu. Hins vegar vantar í frumvarpið hvert rétthafar og skráningarstofur geta leitað með ágreining sínum á milli. Samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi starfar úrskurðarnefnd léna á grundvelli IX. kafla reglna ISNIC um lénaskráningu. Ef ætlunin er að viðhalda sambærilegu fyrirkomulagi er eðlilegt að það komi fram í lögum. Hins vegar er það mat samtakanna að betur fari á því að rétthafar og skráningarstofur þurfi eingöngu að eiga samskipti við eitt stjórnvald. Ef Póst- og fjarskiptastofnun fer með eftirlit og úrskurðar um viðurlög við brotum á lögum um landshöfuðlén, Neytendastofa úrskurðar um atriði sem heyra undir lög nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og enn annað stjórnvald eða óháð nefnd úrskurðar um ágreiningsmál sem koma upp hjá rétthöfum og skráningarstofum, þá er kerfið orðið of flókið. Best fer á því ef fyrirtæki og borgarar þurfa að eiga við eina stofnun en fyrir liggur að of flókið regluverk og boðleiðir geta beinlínis dregið úr hagvexti. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir að átak verði gert í einföldun regluverks í þágu almennings og atvinnulífs. Þetta markmið ber alltaf að hafa í huga við setningu nýrra reglna sem geta haft áhrif á samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

### 3. Forkaupsréttur

Í bráðabirgðaákvæði I er lagt til að ríkissjóður fái forkaupsrétt að öllum hlutum í félaginu, Internet á Íslandi hf., ISNIC, kt. 660595-2449. Samkvæmt skýringum við frumvarpið er ákvæðið sett með þeim tilgangi að koma í veg fyrir að félagið verði selt úr landi. Þrátt fyrir það er tekið fram að ákvæðið komi ekki í veg fyrir að ríkissjóður nýti rétt sinn ef fyrirtækið skiptir um eigendur hér innanlands. Þessi skýring gengur beinlínis í berhögg við téðan tilgang ákvæðisins. Ákvæðið felur í sér mjög víðtækt inngrip í meginregluna um samningsfrelsi. Meginreglan felur m.a. í sér frelsi til þess að ákveða við hvern viðkomandi vill ganga til samninga við og hafa takmarkanir á henni ekki talist heimilar nema brýnir almannahagsmunir krefjist þess.

Jafnframt felur ákvæðið í sér takmörkun á eignaréttindum, en forkaupsréttur ríkisins á öllum hlutum félagsins gerir sölu þess erfiðari en ella, eftirspurn dregst saman og verðmæti rýrnar. Lögbundinn forkaupsréttur telst almennt til almennra takmarkana á eignarrétti. Talið hefur verið að af 1. mgr. 72. gr. stj.skr. megi leiða ólögfasta stjórnskipunarreglu um almennar takmarkanir. Samkvæmt henni þurfa allar takmarkanir á eignarrétti að hafa stoð í lögum og þær þurfa að vera grundvallaðar á almannahagsmunum. Markmið eignaskerðingar þarf því að styðjast við almannahagsmuni, en jafnframt þarf að gæta þess að eignaskerðingin sé ekki úr hófi til að ná því markmiði sem löggjafinn stefnir að.

Ekki hefur verið sýnt fram á þau öryggissjónarmið og þá almannahagsmuni sem hér búa að baki og réttlæta svo víðtækt inngrip, né hvernig sala fyrirtækisins hér innanlands ógni þeim sjónarmiðum. Því verður að telja ákvæðið gangi töluvert lengra en markmið löggjafans var, að koma í veg fyrir að félagið verði selt úr landi.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún Björk Gísladóttir

f.h. Samtaka iðnaðarins

Nanna Elísa Jakobsdóttir